

Jöklableikja ehf.  
Breiðabólssst 4 Hala 2  
781 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 30. maí 2017  
UST201702-052/S.P.  
08.12.02

### Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 9. febrúar sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Jöklableikju ehf. vegna frávíka er fram komu í eftirlit þann 4. nóvember 2016. Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist áætlun um úrbætur.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka og skal frárennsli vera í samræmi við bestu fáanlegu tækni fyrir fiskeldi, sbr. gr. 2.6. í starfsleyfissskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Engin hreinsun er á frárennslisvatni úr eldiskerum.
2. Beita skal bestu fáanlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins, sbr. 2.1. í starfsleyfissskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Umhverfi eldiskera á útsvæði ber þess merki að ekki sé unnið með þennan lið starfsleyfissskilyrðina, búnaður eldisins samræmist ekki kröfum um bestu fáanlegu tækni.

Umhverfisstofnun veitir Jöklableikju ehf. hér með áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 13. júní nk.

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frest hefur er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnareftirlit. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að kærufrestur er einn mánuður frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni framangreindra frávíka verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Gjaldið er kr. 52.800.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [svava.petursdottir@ust.is](mailto:svava.petursdottir@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinber netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur